

Skipulagsfulltrúa Árborgar
Austurvegi 67 800 Selfoss

Dags. 15.05.2025

EFNI: Athugasemd við auglýsta tillögu að deiliskipulagi hesthúsasvæðis hestamannafélagsins Sleipnis

Við, núverandi eigendur hesthúsa við Bæjartröð, viljum koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi fyrir hesthúsasvæðið:

Við höfum alvarlegar áhyggjur af fyrirhugaðri stækkun og lengingu Bæjartraðar. Núverandi gata þjónar í dag átta hesthúsum, en samkvæmt nýju deiliskipulagi mun hún þjóna alls 29 hesthúsum. Það þýðir umtalsverða aukningu á umferð bíla, eða um það bil 360% miðað við núverandi ástand.

Það er mat okkar að slík aukning umferðar muni hafa mjög neikvæð áhrif á öryggi, umhverfisgæði og daglega notkun svæðisins fyrir núverandi eigendur og notendur. Við teljum ekki ásættanlegt að öll umferð frá þessum nýju lóðum verði leidd um eina og sömu götuna.

Við leggjum því eindregið til að sveitarfélagið Árborg fari í vinnu við að finna aðra aðkomuleið fyrir hina nýju byggð eða að minnsta kosti skipti henni upp þannig að hún dreifist á fleiri götur. Slík aðgerð myndi draga verulega úr álagi á núverandi götu og bæta umferðaröryggi fyrir alla aðila.

Við vonumst til þess að þessar ábendingar verði teknar til alvarlegrar skoðunar við áframhaldandi vinnslu deiliskipulagsins.

Virðingarfyllst,

Eigendur hesthúsa við Bæjartröð